



## 1518. stjórnarfundur

Skautahöllinni í Laugardal  
16.11.2011, kl. 12:00

Frímann Ari Ferdinandsson

### 1. Fundargerð 1517. fundar

Samþykkt.

### 2. Skautahöllin í Laugardal - kynning

Hilmar Björnsson forstöðumaður fylgdi stjórnarfólki um mannvirkið og fór yfir helstu þætti varðandi m.a. hönnun, skipulag, tækjakost og fjármál. Hann vakti sérstaka athygli á blikum á lofti í rekstrinum vegna hækkunar á ýmsum kostnaðarliðum og minni tekjum vegna m.a. samdráttar í aðsókn skóla og almennings.

### 3. Áheyrnarfulltrúar ÍTR.

Eva Einarisdóttir er aðalfulltrúi og Steinþór Einarsson til vara.

### 4. Formannafundur ÍSÍ.

Formaður greindi frá fundinum þar sem aðalumræðuefnið var sérstaklega erfið fjárhagsstaða sambanda og félaga. Í því sambandi m.a. rætt um nýlegan samstarfssamning HSV og Ísafjarðarbæjar þar sem HSV tekur að sér aukna þjónustu við sveitarfélagið. Einnig rætt um 100 ára afmælisár ÍSÍ.

### 5. Erindi keiludeildar ÍR

Lagt fram.

### 6. Skýrsla Rannsóknar og greiningar, Ungt fólk 2010 – grunnskólanemar í 5.-7.bekk

Lögð fram.

### 7. Erindi ÍTR vegna Alþjóðaleika ungmenna 2012.

Vísað til afreksíþróttasviðs.

### 8. Ályktun Skíðaráðs Reykjavíkur vegna snjóframleiðslu í Bláfjöllum og Skálafelli

Lögð fram.

### 9. Önnur mál

- Samþykkt að Reynir Ragnarsson verði áfram endurskoðandi ÍBR.
- Athygli vakin á að vinnustaðakeppni ÍSÍ, Lífshlaupið, sem er ávallt í upphafi árs, sé tilvalinn vettvangur fyrir íþróttafélög að ná til almennings. Talað verði við ÍSÍ og í framhaldinu verði þessi möguleiki sérstaklega kynntur félögum.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 13:15.

Gígja Gunnarsdóttir  
fundarritari